

11. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

18. september 2017, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:15

Mætt eru: Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Sara Sigurðardóttir (SS), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Una Hildardóttir (UH), Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ), Ólafur Hrafn Halldórsson (ÓHH) og Tinna Isebarn (TI) frkvstj.

Forföll boðaði: Guðbjört Angela Mánadóttir (GAM)

Fundur settur 18:37

Dagskrá:

1. **Fundargerð 10. Stjórnarfundar** var samþykkt.
2. **Upplýsingar frá framkvæmdastjóra:**
 - a. TI kynnti verkefnastjórnunarforritið Asana fyrir stjórn.
 - b. Leiga á skrifstofu: Ungir Umhverfissinnar féllust á samkomulagið sem þeim var boðið.
 - c. Lokaskýrsla innflytjendaverkefnis: Enn í vinnslu.
 - d. Samstarf við Allianssi: TI skýrði frá stöðu umsóknar.
3. **#ÉgKýs vegna Alþingiskosninga 28. október 2017:** Stjórn tók ákvörðun um að framkvæma verkefni og lagði fram tillögur að dagsetningum til að leggja undir stjórn SÍF.
 - a. TI var falið að senda beiðni um fjárstyrk á fyrrum styrktaraðila og fleiri.
 - b. SS lagði fram tillögu um að senda út fréttatilkynningu á fjölmiðla með helstu niðurstöðum lokaskýrslu og tilkynningu um #ÉgKýs 2017.
 - c. TI var falið að leggja til 21. september til að funda með SÍF vegna ákvarðanna um framkvæmd, verkaskiptingu, uppfærslu handbókar, lagabreytinga og skipunar í Landskjörstjórn.
 - d. Beiðni um fund með Citizens Foundation sem óskar eftir samsarfi við #ÉgKýs vegna samtalsvettvangsins “Kosningar 2017”. Var TI falið að svara beiðninni og kanna flöt á samstarfi.
4. **Áframhald RSK málsins:** Grein hefur verið birt á heimasíðu, en tekin var ákvörðun um að fresta málinu þar til eftir kosningar vegna anna hjá félaginu.
5. **Leiðtogaskólinn:**
 - a. Beiðni er eftir samningi til undirritunar og stuðningsbréfi frá Evrópuráðinu.
 - b. TI var falið að kanna reglur Evrópuráðsins vegna endurgreiðslu á ferðakostnaði og senda út áminningu á þátttakendur um umsóknarfrestinn til að skila inn hugmynd að lokaverkefni.
6. **Alþjóðamál:**
 - a. **Lýðræðisráðstefnan “Democracy, Youth and Democratic Exclusion” í Osló:** TI, GAM og ÓHH fara fyrir LUF ásamt tveimur frá SÍF og einum samstarfsaðila frá HÍ.
 - b. **Tilnefning ungmennafulltrúa í norrænan sérfræðihóp um SDGs:** TI var falið að óska eftir tilnefningum innan fulltrúaráðs.
7. **Gjaldkeramál:** Reikningar vegna félagsgjalda hafa verið sendir á aðildarfélögin. TI og MÖÓ hittust á fundi til að ræða fjármögnun og rekstur félagsins. Framhaldinu var frestað til janúar 2018.

8. **Heimasíða:** ÓHH tók að sér að vinna í uppsetningu aðildarfélaga og enskri útgáfu fyrir 1. október.
9. **Umsóknarfrestir styrkja:** TI fór yfir umsóknarfresti um styrki og teknar voru ákvarðanir um að sækja um í viðeigandi sjóði til verkefna í framkvæmdaráætlun.
10. **Fulltrúaráðsfundur:** Ákveðið var að 2. Fulltrúaráðsfundur sem fer fram þann 28. september verði einnig nýttur sem samráðsfundur vegna #ÉgKýs 2017 og að ungum fulltrúum allra stjórnmalaflokka í framboði til Alþingis yrði boðið. Var TI falið að senda út fundarboð með drögum að dagskrá.
11. **Starfsmannamál:** rætt var um samning við TI.
12. **Næsti stjórnarfundur:** 2. október.
13. **Önnur mál:** Engin bárust.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið 20:20.
UH ritaði fundargerð.*